



Lúxemborg, 21. mars 2024

FRÉTTATILKYNNING 02/2024

Dómur í máli E-5/23 *Ákærvaldið gegn LDL*

LÝÐHEILSUTAKMARKANIR Á FRJÁLSA FÓLKSFLUTNINGA Á MEÐAN COVID-19 HEIMSFARALDURINN STENDUR YFIR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit í tengslum við spurningar sem Hæstiréttur Noregs vísaði til dómstólsins varðandi túlkun á 28. og 36. gr. EES-samningsins („EES“) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna („tilskipunin“).

Í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins setti Noregur reglugerð um ráðstafanir til að verjast smitsjúkdómum á meðan COVID-19 stóð yfir („COVID-19 reglugerðin“) sem kvað á um almenna skyldu einstaklinga, sem komu til Noregs frá tilgreindum svæðum, að sæta sóttkví. Í tilfellum þar sem ferðalag taldist óþarft samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, þurfti einstaklingur við heimkomu að undirgangast sóttkví á sóttkvíarhótel. Málið sem er til meðferðar varðar áfrýjun LDL til Hæstaréttar Noregs. LDL er sænskur ríkisborgari og búsettur í Noregi en foreldrar hans og systkini búsett í Svíþjóð. LDL fór til Svíþjóðar til að heimsækja föður sinn í apríl-maí 2021, og dvaldist þar í viku. Við heimkomu var hann stöðvaður við landamærin og skipað að fara í sóttkví á sóttkvíarhótel. Hann kaus hins vegar að snúa aftur heim og undirgangast sóttkví þar.

Þann 25. júní 2021 var LDL boðið að ljúka málinu með sektargerð fyrir brot á norskum lögum um eftirlit með smitsjúkdómum, túlkuð í samræmi við COVID-19 reglugerðina. LDL samþykkti ekki að ljúka málinu með sektargerð og var málinu vísað til héraðsdóms Østre Innlandet til meðferðar. LDL var þar sakfelldur og dæmdur til greiðslu sektar og málskostnaðar. LDL áfrýjaði málinu til áfrýjunardómstólsins Eidsivating og hélt því m.a. fram að reglurnar um sóttkví væru ekki í samræmi við EES-rétt. Þann 6. júlí 2022 kvað áfrýjunardómstóllinn Eidsivating upp dóm þar sem gildi reglnanna var staðfest en LDL áfrýjaði málinu í kjölfarið til Hæstaréttar Noregs. Með bréfi þann 7. júní 2023, skráð hjá dómstólnum 19. júní 2023, vísaði Hæstiréttur Noregs ellefu spurningum til EFTA-dómstólsins.

Í fyrstu spurningu sinni spurði Hæstiréttur Noregs hvaða ákvæði tilskipunarinnar ættu við í málinu. EFTA-dómstóllinn taldi að takmarkandi ráðstafanir, við aðstæður líkt og í þessu máli, bæri að skoða með tilliti til búseturéttar í a-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Túlka bæri ákvæði tilskipunarinnar í samræmi við grundvallarréttindi og fjórfrelsið sem mynda hluta af almennum meginreglum EES-réttar.

Önnur spurning Hæstaréttar Noregs varðaði það álitaefni hvort 28. eða 36. gr. EES veiti rýmri rétt en tilskipunin fyrir einstakling eins og LDL til að koma og setjast að í Noregi. EFTA-dómstóllinn taldi að við aðstæður líkt og í þessu máli, væri hvorki unnt að túlka 28. gr. né 36. gr. EES á þann hátt að þau ákvæði veittu rýmri rétt en tilskipunin fyrir einstakling eins og LDL til að koma og setjast að í EES-ríki, í þessu tilviki Noregi.

Þriðja spurning Hæstaréttar Noregs laut að því, ef EFTA-dómstóllinn svaraði annarri spurningu Hæstaréttar Noregs játandi, hvort 36. gr. EES skipti máli við aðstæður líkt og í þessu máli, ef réttlætanlegt væri að takmarka réttindi samkvæmt 28. gr. EES. EFTA-dómstóllinn taldi að í grundvallaratriðum væri ágreiningur einungis tekin til skoðunar með tilliti til eins af fjórfrelsisákvæðum EES-samningsins, ef svo virtist vera að hitt frelsið sé að öllu leyti aukaatriði. Við þær aðstæður sem fram kæmu í beiðninni væri rétturinn til að þiggja þjónustu sem ferðamaður í öðru EES-ríki samkvæmt 36. gr. EES aukaatriði samanborið við rétt launþega til frjálsrar farar.

Fjórða og níunda spurning Hæstaréttar Noregs snerust um túlkun á VI. kafla tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn taldi að takmarkanir sem byggðust á lýðheilsusjónarmiðum mættu, eftir aðstæðum og einkum heilsufarsástandi, samþykkja í formi almennra laga sem taki til sérhvers einstaklings í aðstæðum sem falla undir umrædd lög, á sama tíma og skilyrðum- og verndarráðstöfunum er beitt í samræmi við 30. og 31. gr. tilskipunarinnar þegar um er að ræða takmarkandi ráðstafanir með aðgerðum líkt og þessum. EFTA-dómstóllinn taldi enn fremur að við athugun á því hvort takmarkanirnar séu réttlætanlegar, yrði að ganga úr skugga um hvort málsmeðferðarreglur 30. og 31. gr. tilskipunarinnar hafi verið uppfylltar.

Aðrar spurningar Hæstaréttar Noregs lutu allar að atriðum er varða réttlætingu umræddrar ráðstöfunar með tilliti til meðalhófsreglunnar. EFTA-dómstóllinn taldi að markmið lýðheilsuverndar, sem er kveðið á um í 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar, verði að samræmast grundvallarréttindum og meginreglum sem þessi innlenda ráðstöfun hefur áhrif á. Því verði náð með því að gæta jafnvægis þegar kemur að því að veða almannahagsmuni upp á móti þeim réttindum og meginreglum sem umrædd ráðstöfun hefur áhrif á, og gæta þess að óhagræðið sem ráðstöfunin hefur í för með sér sé ekki úr hófi miðað við þau markmið sem stefnt er að. Jafntframt taldi EFTA-dómstóllinn að meta verði spurninguna um hvort takmörkun á frjálsum fólksflutningum sé réttlætanleg með því að meta alvarleika þeirra truflana sem slík takmörkun hafi í för með sér, og tryggja að mikilvægi þess markmiðs sem stefnt er að sé í réttu hlutfalli við þau inngríp sem ráðstafanirnar hafa í för með sér.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefsíðu EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.